

Ed.

169. Frumvarp til laga

[99. mál]

um breyting á lögum nr. 46 frá 15. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Guðmundur Í. Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 12. gr. laganna bætist:

Frádráttur þessi skal þó aldrei nema lægri upphæð en þeirri, sem skattgreiðandi hefur fengið greidda í bætur hjá Tryggingastofnun ríkisins á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta árið 1955.

Greinargerð.

Þegar persónufrádráttur var ákveðinn í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt, mun nokkur hliðsjón hafa verið af því höfð, að þeir, sem ekki höfðu annan framfærslueyri en bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, þyrftu ekki að greiða tekjuskatt af þeim bótum. Það olli því nokkrum vonbrigðum, er í ljós kom við framkvæmd hinna nýju skattalaga, að ýmsir, er ekki höfðu annað sér og sínum til framfæris en bætur frá Tryggingastofnuninni, urðu að greiða tekjuskatt af bótunum. Gamalmenni og öryrki, sem dvelja á elliheimili eða sjúkrahúsi og fá því smávægilegar uppbætur á ellilaun sín eða örorkubætur, verða samkvæmt skattalögunum að greiða nokkurn tekjuskatt af þessum bótum. Ekkja, sem fær ekkjubætur í eitt ár og barnalífeyri að auki, lendir einnig í tekjuskatti. Þetta er ósanngjarnt, og gætir hér ósamræmis milli tekjuskattslaganna og tryggingalaganna, sem miða bætur aðeins við brýnustu nauðpurftir. Bætur ekkjunnar og gamalmennisins í elliheimilinu eru ekki við það miðaðar, að þessir aðilar séu af bótum sínum einum aflöguferir um tekjuskattsgreiðslur. Það er og í fyllsta máta óeðlilegt, að þessir aðilar skuli einir allra þeirra, sem bóta njóta, tekjuskattsskyldir af bótum sínum. Þessu frumvarpi er ætlað að sniða þennan galla af lögunum um tekjuskatt og eignarskatt með því að taka það fram, að bætur frá Tryggingastofnun ríkisins skuli ætíð falla undir persónufrádráttinn að fullu.